

SAGA 3CK05

Sagnfræði og kvikmyndir.

Áfanginn er valáfangi í sögu á þriðja þrepi.

Undanfarar:

SAGA 2AA05 og annar söguáfangi á öðru þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Umfjöllunarefnið í þessum áfanga eru mannréttindi og jafnrétti sem verða skoðuð í gegnum kvikmyndir. Leitað verður svara við spurningum eins og hvert er mikilvægi einstaklinga í sögunni? Hvað breytir gangi sögunnar? Hver er uppruni hugmynda um mannréttindi og jafnrétti? Hvaða áhrif hafa þessar hugmyndir haft? Kvikmyndaformið verður notað til þess að nemendur geti betur dýpkað skilning sinn og þekkingu á ákveðnum atburðum sögunnar. Þannig verður leitast við að nemendur geti tengt betur saman ólíka atburði og einstaklinga og sett þá í sögulegt samhengi.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Mannréttindi, jafnrétti, hugmyndir, minnihlutahópar, kvikmyndalæsi, vald og áhrif.

Námsmat:

Minni og stærri verkefni á önn.
